

Fiskeldi Austfjarða
Strandgata 18
735 Eskifjörður

3. september 2025
UOS2501624/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 26. júní 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Fiskeldi Austfjarða hf., Lóni, Kelduhverfi, ID 154 þann 19. maí 2025. Þann 15. júlí 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Opin eldri frávik:

1. Enn er töluvert af búnaði og rusli tengdu aflögðu kvíaeldi í Lóninu til staðar. Fjarlægja þarf búnaðinn og koma honum í viðeigandi geymslu eða förgun. **Rekstraraðili áætlar að vera búin að hreinsa svæðið fyrir lok árs 2026.**
2. Vöktunarskýrsla fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila og er frávikið ennþá opið. **Vöktun hófst 18. júní 2025 samkvæmt samþykkttri vöktunaráætlun. Blár Akur annast vöktunina. Þar sem áætlunin nær yfir eitt almanaksár, þá má búast við skýrslum frá Bláum Akri eftir júní 2026.**

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirlit barst eftirlitsaðila 6. maí sl. og telst því frávikinu lokað.**
2. Gr. 3.3. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingarnar í grænu bókhaldinu voru ekki fullnægjandi. **Grænu bókhaldi var skilað inn 3. Júní sl. með fullnægjandi upplýsingum og er því frávikinu lokað.**
3. Gr. 2.15 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhætti eins og kostur er. Brúsar geymdir án lekabytta við fiskeldiskerin. **Rekstraraðili skila inn mynd með nýjum lekabyttum 2. september 2025 og telst því frávikinu lokað.**
4. Gr. 2.10 í starfsleyfi og 4. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu. **Rekstraraðili hefur sett upp árekstrarvarnir og skilaði inn mynd af þeim 6. ágúst 2025, frávikinu er því lokað.**

5. Gr. 2.9 í starfsleyfi. Við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka má ekki vera set, froða eða aðrir aðskotahlutir. Froða, set og fóðurleyfar voru í viðtaka. **Verið er að setja upp hreinsibúnað í frárennslishús þar sem allt frárennsli á eftir að koma saman, áætluð er að framkvæmdir klárast fyrir veturinn.**
6. Samkv. reglugerð nr 990. Viðauki I, 7b. Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila inn útstreymisbókhaldi. Bókhaldinu var skilað inn fyrir 1. maí sl. með ófullnægjandi upplýsingum. **Fullnægjandi skil bárust 6. júní sl. og er því frávikinu lokað.**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Lögfræðingur